| **Kennari** | Kristján Þ Kristinsson | **Sk.st.** | K Þ K |
|---|---|---|---|

## RSU 203 Rafsuða

**Undanfari:** RSU 202

## Áfangalýsing:

Að áfanganum loknum geta nemendur soðið eftir suðuferlislýsingum. Nemendur geta efnað niður og undirbúið stálplötur fyrir rafsuðu, logskorið, klippt og búið til Y-rauf og hreinsað efnið eins og með þarf. Nemendur skulu geta soðið kverksuðu FW með basískum vír í suðustöðum PB,PD, PG og PF. Nemendur skulu geta sett saman og rafsoðið plötur 8 -12 mm þykkar með basískum rafsuðuvír í V fas án bakleggs, gegnumsoðið frá annarri hlið í suðustöðum PA, PC og PF ( PE ). Nemendur eiga að ná suðugæðum í flokki C samkvæmt ÍST EN 25817. Ennfremur geti þeir skipulagt suðuverkefni m.t.t. krafna um gæði, öryggi og umhverfi.

## Markmið:

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að **þekkja:**

1 suðuferlislýsingar og gildi þeirra , gert suðuferil
2 helstu gerðir af suðuraufum , skammstafanir og tákn rafsuðu
3 eiginleika, notkun og meðferð basískra rafsuðuvíra
4 spennur og aflögun efnis við suðu , hvað er til bóta

1 helstu breytingar efnisins á hitaáhrifasvæðinu
2 kolefnisjafngildið og þýðingu þess

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að **geta:**

1 rafsoðið eftir suðuferlislýsingum
2 rafsoðið í suðustöðum PB-FW,PD-FW, PF-FW, PG-FW, PA BW, PC BW og PF-BW (ÍST EN 287-1)
3 mælt og skráð viðeigandi upplýsingar varðandi suðuverkefnið s.s. upplýsingar fyrir suðuferilslýsingar
4 valið sjálfstætt vír m.t.t. efnis og suðuraufar
5 viðhaldið fylgibúnaði suðuvéla
6 fylgt reglum um öryggismál.

## Námsgögn:

Kennslubók í pinnasuðu. Útgefandi Iðan fræðslusetur.

Ljósrit frá kennara.

## Áætlun um yfirferð:

| Vika | Yfirferð og verkefni | Efni |
|---|---|---|
| 2 | **Pinnasuða (MMA):** Farið yfir ýmsa þætti varðandi pinnasuðu svo sem val á vírum, suðustöður, suðuraufar, suðuferla og fleira. Nemendur gera æfingar í að sjóða lárétta kverksuðu PB og PD. | 6-10mm |
| 3 | **Pinnasuða (MMA):** Nemendur gera æfingar í að sjóða lárétta kverksuðu PB og PD, lóðrétt fallandi kverksuðu PG og lóðrétt stígandi kverksuðu PF. | 6-10mm |
| 4 | **Pinnasuða (MMA):** Nemendur gera æfingar í að sjóða lárétta kverksuðu PB og PD, lóðrétt fallandi kverksuðu PG og lóðrétt stígandi kverksuðu PF. | 6-10mm |
| 5 | **Pinnasuða (MMA):** Nemendur efna niður í prófverkefni , ( Kross ) . N*emendur taka próf í áðurnefndum suðuaðferðum sem metið er til lokaeinkunnar.* ***Verkefnaskil í þessari viku*** | 8-12mm |
| 6 | **Pinnasuða (MMA):** Nemendur sjóða lárétta stúfsuðu V-rauf suðustaða PA –BW. | 8-12mm |
| 7 | **Pinnasuða (MMA):** Nemendur sjóða lárétta stúfsuðu v-rauf suðustaða PA,PC –BW. | 8-12mm |
| 8 | **Pinnasuða (MMA):** Nemendur sjóða lárétta stúfsuðu v-rauf suðustaða PA ,PC–BW. *Nemendur taka próf í áðurnefndum suðuferli sem metið er til lokaeinkunnar.* | 8-12mm |
| 9 | **Pinnasuða (MMA):** Nemendur sjóða lóðrétta stúfsuðu v-rauf suðustaða PF –BW. | 8-12mm |
| 10 | **Pinnasuða (MMA):** Nemendur sjóða lóðrétta stúfsuðu v-rauf suðustaða PF –BW. | 8-12mm |
| 11 | **Pinnasuða (MMA):** Nemendur sjóða lóðrétta stúfsuðu Y-rauf suðustaða PF –BW. *Nemendur taka próf í áðurnefndum suðuferli sem metið er til lokaeinkunnar.* | 8-12mm |
| 12 | **Pinnasuða (MMA):** Nemendur sjóða sveinsprófsplötu.S*em metin er til lokaeinkunnar.* | 8-12mm |
| 13 | **Pinnasuða (MMA):** Nemendur sjóða lárétta stúfsuðu Y-rauf suðustaða PE –BW. | |
| 14 | **Pinnasuða (MMA):** Nemendur sjóða lóðrétta stúfsuðu Y-rauf suðustaða PE –BW. *Í lok tímans taka nemendur próf í pinnasuðu sem metið er til lokaeinkunnar.*<br><br>**Upprifjun:** Upprifjun á námsefni annarinnar | 8-12mm |
| | | |

## Námsmat og vægi námsþátta:

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| Frammistaða á önn | Annarstarf og áfangapróf: Hvert og eitt verkefni gildir til jafns við þann tíma sem ætlaður er í verkefnið, þannig fæst 90% af vetrareinkunninni. Lokaeinkunn fæst síðan með því að bæta við einkunn fyrir frágang og umgengni sem gefa hver um sig 5%. ***ATH: Mæti nemandi ekki í próf sem tekin eru á önninn fær hann þann þátt ekki metinn til lokaeinkunnar.*** | 75% |
| Verklegt | Verklegt próf í lok áfangans. | 25% |
| Leyfð hjálpargögn í prófi | Öll almenn suðu- og smíðaáhöld. | |
| Annað: **90% viðvera í kennslustundum er forsenda þess að nemandi fái að stunda nám í áfanganum, fari nemandi undir þau mörk er litið svo á að hann hafi sagt sig úr áfanganum.** Sé nemanda vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganum með framvísun vottorðs frá lækni eða viðlíka. Verður sú umsókn að koma fram ekki seinna en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistarmörk. | | |

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara** **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**